

Ágætu fundarmenn.

Fyrir hönd Reykjanesbæjar býð ég ykkur öll hjartanlega velkomin á þennan fund.

Eins og mörg ykkar vita er Reykjanesbær í þröngri fjárhagsstöðu á meðan íbúum fjölgar gríðarlega með tilheyrandi vaxtarverkjum og þörf fyrir nýjar fjárfestingar í skólum, götum og félagslegum innviðum ásamt tilheyrandi auknum rekstrarkostnaði. Á sama tíma er ríkið ekki að auka fjárveitingar til sinna stofnanna á Suðurnesjum og þetta tvennt passar ekki saman.

Tilgangur fundarins er að gefa ykkur, og þeim sem heima sitja og fylgjast með útsendingu á netinu, kost á að kynnast niðurstöðum úttektar sem ráðgjafafyrirtækið Aton hefur unnið fyrir sveitarfélagið undanfarnar vikur og mánuði, á fjárveitingum ríkisins til sinna stofnanna hér á Suðurnesjum. Eins og fram hefur komið er íbúafjölgun hér í sögulegu hámarki, eða um og yfir 7-8% á ári sl. 3 ár, og hefur íbúum í Reykjanesbæ t.d. fjölgað um 3000 frá árinu 2014. Það er eins og að eitt stykki Grindavíkurbær hafi bæst við Reykjanesbæ á tímabilinu og virðist ekkert lát á þeirri fjölgun. Það er auðvitað hið besta mál til lengri tíma en reynir verulega á til skemmri tíma. Það sem ég á við er að til að mæta þessari miklu fjölgun þarf ekki bara að fjölga íbúðarhúsnæði heldur einnig að efla og styrkja opinbera þjónustu, bæði á vegum sveitarfélaga og ríkisins, sem saman mynda „hið opinbera.“

Ástæða þessarar miklu íbúafjölgunar er aðallega tvíþætt. Annars vegar **var hér**, og ég undirstrika orðið VAR, mikið framboð af lausu, tiltölulega hagstæðu íbúðarhúsnæði sem fólk af höfuðborgarsvæðinu sá sér hag í að kaupa eða leigja og fá þannig stærra íbúðarhúsnæði fyrir jafn mikið eða jafnvel lægra verð en það var í fyrir. Barnafólk sótti líka í frábæra þjónustu leikskóla, góða grunnskóla, tónlistarskóla, fjölbreytt íþrótt- og tómstundastarf, og stuttar vegalengdir. Allt þættir sem lögð hefur verið mikil áhersla á að byggja upp í Reykjanesbæ undanfarin ár.

Hin ástæðan er gríðarleg eftirspurn eftir vinnuafli síðustu misseri og þá aðallega, en ekki eingöngu, í tengslum við Keflavíkurflugvöll og starfsemi honum tengdum. Samkvæmt farþegaspám ISAVIA mun ekkert lát verða á þessari auknu þörf næstu árin og því fyrirsjáanlegt að fólk muni halda áfram að flytjast hingað á Suðurnesin í stórum stíl.

Ef við hins vegar skoðum framboð af lausu húsnæði má segja að allt boðlegt íbúðarhúsnæði sé nú í notkun og mikið af nýju íbúðarhúsnæði í undirbúningi

og/eða í byggingu. Það kallar á áframhaldandi vöxt í þjónustu hins opinbera og fullyrði ég að öll sveitarfélögin á Suðurnesjum þ.e. Reykjanesbær, Garður, Sandgerði, Vogar og Grindavík eru að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að uppfylla væntingar íbúa um fyrsta flokks þjónustu, hvort heldur er í leikskólum, grunnskólum, tónlistarskólum, íþróttastarfi, félagslegri þjónustu, gatnakerfi, opnum svæðum, eða hvað nafni sem hún nefnist. En íbúarnir gera líka væntingar til annarrar opinberrar þjónustu svo sem heilbrigðisþjónustu, löggæslu, framhaldsskóla, samgangna, hjúkrunarrýma fyrir aldraða o.s.frv. Það eru allt málaflokkar sem snúa að ríkinu og við ætlum að skoða nánar hér á eftir hvernig standa.

Á öllum hinum Norðurlöndunum eru svæði, þar sem íbúum fjölgar meira en 1,5% á ári, skilgreind sem vaxtarsvæði og fá þau sérstakan stuðning frá ríkinu á meðan það ástand varir. Það er ekki gert hér á landi. Hvers vegna veit ég ekki en þegar ég spurði Jón Gunnarsson, ráðherra sveitarstjórnarmála, út í þessi mál í fyrirspurnartíma á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna nú í byrjun október, taldi hann slíkt vel koma til greina. Við vitum hins vegar að það kallar á lagabreytingar og umræður í þinginu og það ferli tekur langan tíma. Á meðan glíma sveitarfélögin við verkefnið af heilum hug en ríkið dregur lappirnar í fjárveitingum til sinna stofnanna, eins og við fáum að sjá hér á eftir. Það getur ekki verið ásættanlegt, hvorki fyrir sveitarfélögin, íbúana né ríkið, og hlýtur að þurfa að laga. Annars er hætt við að íbúar, bæði þeir nýju og hinir sem fyrir eru, fái ekki þá þjónustu sem þeir eiga rétt á og reikna með. Spurningin hlýtur því að vera; „Af hverju er þetta svona? Er eitthvað sem réttlætir þetta?“

Önnur hlið þessa máls er svo fjárhagsstaða Reykjanesbæjar sem, eins og allir vita, er og verður næstu árin, mjög þröng og snúin. Að fá svona mikla og skyndilega fjölgun íbúa kallar, eins og áður segir, á mikla innviðauppbyggingu og aukinn rekstrarkostnað í skólum, íþróttamannvirkjum, nýjum hverfum, félagsþjónustu o.s.frv. á sama tíma og sveitarfélaginu er óheimilt að taka lán eða skuldsetja sig frekar til að fjármagna frekari uppbyggingu. Þetta er því ansi snúin staða að vera í.